



Kópavogi, 10. ágúst 2026

Tillaga um sumaropnun frístundaheimila í Kópavogi

Samfylkingin leggur til menntasviði Kópavogs verði falið að undirbúa samræmda sumaropnun frístundaheimila fyrir börn á yngsta stigi grunnskóla.

Markmiðið skal vera að sumarið 2027 standi börnum til boða faglegt frístundastarf í að minnsta kosti tvær vikur eftir skólaslit að vori og í tvær vikur áður en skólastarf hefst að hausti. Sömuleiðis þarf að huga að því að þjónustan verði í boði í að minnsta kosti einu frístundaheimili í hverju hverfi bæjarsins og stefnt að því að hún verði veitt við sem flesta grunnskóla.

Jafnframt leggjum við til að Menntasviði verði einnig falið að framkvæma þjónustukönnun meðal foreldra barna á yngsta stigi grunnskóla, skoða mismunandi útfærslur þjónustunnar og leggja fram tillögur ásamt kostnaðarmati. Við þá vinnu þarf að horfa á ólíka þætti t.d. eftirspurn, aldur barna, opnunartíma, mönnun, gjaldtöku og þarfa þeirra barna sem þurfa sérstakan stuðning.

Niðurstöður þessara könnunar skulu lagðar fyrir menntaráð og bæjarráð tímanlega svo unnt verði að gera ráð fyrir verkefninu við gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2027 og kynna fyrirkomulagið fyrir fjölskyldum með góðum fyrirvara.

Greinagerð:

Sumarleyfi grunnskólabarna er töluvert lengra en sumarorlof flestra foreldra. Fjölskyldur barna á yngsta stigi grunnsjóla standa því margar fyrir verulegum vanda og kostnaði til að tryggja viðeigandi frístundaúrræði fyrir bornin sín þegar hefðbundið skóla- og frístundastarf liggur niðri.

Í Kópavogi hefur einungis verið boðið upp á sumarfrístund í Hörðuvallaskóla, í takmarkaðan tíma. Færri hafa komist að en vilja og staðsetning þjónustunnar gerir fjölskyldum í öðrum hverfum erfitt fyrir að nýta hana. Mikilvægt er að frístundaþjónusta sé aðgengileg í nærumhverfi barna og að búseta innan bæjarins ráði ekki úrslitum um aðgang þeirra að úrræðinu.

Íþrótt- og tómstundafélög í Kópavogi hafa boðið upp á fjölbreytt sumarnámskeið sem gegna mikilvægu hlutverki og eru víða hluti af fjáröflun félaganna. Slík námskeið geta þó ekki komið

Í stað samræmdrar frístundaþjónustu á vegum sveitarfélagsins. Börn hafa ólíkan áhuga, getu og þarfir og það sama hentar ekki öllum börnum. Aðrir einkaaðilar bjóða einnig upp á sumarnámskeið en slík námskeið kosta iðulega mun meira. Það er einnig mikilvægt að líta til þess að faglegt frístundastarf hefur mikilvægt uppeldis og forvarnargildi. Þar fá börn öruggt umhverfi, félagsleg tengsl og fjölbreytt viðfangsefni undir leiðsögn fagfólks.

Samfylkingin hefur lagt áherslu á að létta daglegt líf fjölskyldna og að boðið verður upp á samræmda sumarfrístund í Kópavogi líkt og í flestum öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu. Með því að framkvæma þjónustukönnun meðal foreldra má leggja raunhæft mat á þörfina, hentuga staðsetningu, þjónustutíma og fyrirkomulag. Mikilvægt er þó að könnunin verði hluti af undirbúningi og útfærslu þjónustunnar en ekki til þess fallin að tefja fyrir þessum nauðsynlegu úrbótum á þjónustu við barnafjölskyldur.

Samræmd sumaropnun frístundaheimila er mikilvægt velferðarmál fyrir börn og fjölskyldur, en ekki síður fyrir atvinnulífið. Með fyrirsjáanlegri, öruggri þjónustu á lágu verði má draga úr álagi á fjölskyldur, auðvelda foreldrum að sinna sínum störfum og á sama tíma tryggja börnum í Kópavogi öruggt og uppbyggilegt frístundastarf í sínu nærumhverfi.

Eydís Inga Valsdóttir
bæjarfulltrúi Samfylkingar

Jónas Már Torfason
bæjarfulltrúi Samfylkingar
